

Alþingi
Erindi nr. P 132/1290
komudagur 13.3.2006

Til nefndarsviðs Alþingis.

v/Umsagnar um frumvarp til laga um Heyrnar-tal og sjónstöð.

Félagið Heyrnarhjálp hefur tekið virkan þátt í umræðum um þetta mál, m. a. með þátttöku í fundum í ráðuneytinu.

Á samráðsfundum lá fyrir tilaga að frumvarpi sem umræðan, athugasemdir og ábendingar okkar voru miðaðar við.

Almennt vildu hagsmunaaðilar fá skýrari svör um kosti sameiningar og tryggingu fyrir að samruni leiddi til betri þjónustu.

Á þessum fundum lögðum við fram tillögur og óskir um breytingar á frumvarpsdrögum, eða studdum aðra fundarmenn

sem fram komu með áherslur sem við teljum gagnast okkar hópi. Auk þess sendum við skriflega stutt yfirlit

með helstu áhersluatriðum.

Nýtt frumvarp er nú komið fram og okkur til mikilla vonbrigða hefur ekki verið tekið tillit til

athugasemda neytenda sem

fram komu á samráðsfundum og í öðrum samskiptum sem aðilar áttu við ráðamenn. Af ýmsum ástæðum

m.a. atburðarrás síðustu daga, þurfum við meiri tíma til að ganga frá nýrri umsögn og því getur svar frá okkur eigi

borist fyrr en 15. mars næst komandi.

Með vinsemd og virðingu.

F.h. Félagsins Heyrnarhjálp

Málfríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri.